



GJALDSKRÁ **fyrir skólamáltíðir og heilsdagsskóla í Snæfellsbæ**

Gildir frá 1. janúar 2023

1. gr.

Í grunnskólanum eiga nemendur kost á heitri máltíð í hádeginu fimm daga í viku, alla skóladaga skv. skóladagatali. Maturinn er eldaður í eldhúsi grunnskólans. Foreldrar skrá börn sín í áskrift í byrjun skólaárs.

2. gr.

Ekki er í boði að kaupa stakar máltíðir, en fast mánaðargjald **kr. 9.400.-**

3. gr.

Heilsdagsskóli, Skólabær, er í boði fyrir börn í 1. – 4. bekk á Hellissandi. Hann er starfræktur á skóladögum, samkvæmt skóladagatali frá því að skóla lýkur kl. 13:40 og til kl. 16:00. Heilsdagsskóli er ekki opinn í vetrarfríum. Starfsemi hefst á skólasetningardegi og lýkur á skólaslitadegi.

4. gr.

Gjald fyrir hverja dvalarstund í heilsdagsskóla er **kr. 335.-** Gjald fyrir síðdegishressingu er **kr 165.-**

Afslættir af dvalargjald:

Einstæðir foreldrar og námsmenn.....	40%
Systkinaafsláttur, 2. barn.....	50%
Systkinaafsláttur, 3. barn.....	100%

Afsláttur til námsmanna gildir ef báðir foreldrar eru skráðir í fullt nám og ljúka a.m.k. 75% af fullu námi. Afsláttur reiknast frá því að vottorð um skólavist er lagt fram. Ljúki ekki báðir foreldrar 75% af fullu námi, fellur afsláttur niður.

Systkinaafsláttur er á milli leikskóla og heilsdagsskóla. Hæsti afsláttur reiknast af lágsta dvalargjaldinu. Afsláttur reiknast eingöngu af heilu dvalargjaldi, ekki af kortersgjaldi, fæði eða öðrum gjöldum.

5.gr.

Greitt er fyrirfram fyrir hvern mánuð og er innheimt með greiðsluseðli.

Ekki er veittur afsláttur þó nemendur fari í íþróttir eða tónlistartíma á dvalartíma. Ekki er endurgreitt vegna fjarvista eða veikinda, nema þau vari lengur en eina viku samfellt.

6. gr.

Skráning í mat og heilsdagsskóla er hjá skólaritara. Skráning eða afskráning tekur gildi um næstu mánaðarmót samkvæmt tilkynningu sem þarf að berast skólaritara fyrir 20. dag mánaðar á undan.

Gjaldskrá þessi er samin með vísan til 23. og 33.. gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008 með síðari breytingum og var samþykkt í bæjarstjórn Snæfellsbæjar þann 8. desember 2022. Tekur gjaldskrá þessi gildi þann 1. janúar 2023 og frá sama tíma fellur niður gjaldskrá grunnskóla Snæfellsbæjar sem gilt hefur frá 1. janúar 2022.

Snæfellsbær, 8. desember 2022

Kristinn Jónasson, bæjarstjóri